

Þessum úrslitum virðist rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Sigurður Kristjánsson greiði sekt í landssjóð 60 kr. eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda Einari Þorgilssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar sju 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. nóvember 1917.

Nr. 66/1916:

Hlutafjlagið Em. Z. Switzers
Bjergnings-Entreprise
í Kaupmannahöfn
gegn
Axel Andersen
f. h. eigenda og vátryggjenda
skipsins »Asta«.

Dómur:

Hinn 17. ágúst 1915 strandaði fiskigufuskipið »Asta« frá Frederikshavn á ytri enda Hríseyjar á

Eyjafirði. Skipið hljóp á land með fullri ferð með flóði og fór svo hátt á land, að það gat eigi komist út aftur af eigin ramleik og eigi varð því heldur bjargað af öðru fiskiskipi, sem kom þar að.

Björgunarskipið »Geir« eign hlutafjeldagsins Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise í Kaupmannahöfn var þá stadd á Eyjafirði, og er það sama morguninn og strandið bar að höndum var á leið út Eyjafjörð til að taka af grunnni annað skip kom stýrimaðurinn af »Asta« um borð í »Geir« og beiddist hjálpar. »Geir« fór þá til strandstaðarins og kom þangað kl. 10 að morgni sama dags. Gjörðu skipstjórnir á »Geir« og »Asta« sama dag með sjer björgunarsamning og tókst skipstjórinn á »Geir« með þeim samningi á hendur að bjarga hinu strandaða skipi og flytja það til Akureyrar gegn því að fá að björgunarlaunum $33\frac{1}{3}\%$ af andvirði hins bjargaða eins og það yrði metið af dómkvöddum matsmönnum eða yfirmatsmönnum, og áttu björgunarlaunin að greiðast þegar búið væri að flytja hið strandaða skip til Akureyrar.

Eftir að samningur þessi var undirskrifaður dró »Geir« »Asta« af grunni og flutti til Akureyrar og lagði henni þar að bryggju kl. 6,30 sama dag.

Kafari frá »Geir« skoðaði skipið og reyndist það svo litið skemt að það gat haldið áfram fiskveiðum. Samkvæmt ákvæðum björgunarsamningsins var skipið metið af dómkvöddum mönnum á kr. 20964,00, en með því skipstjórinn á »Geir« vildi ekki hlýta því mati, fór eftir kröfu hans fram yfirmat á skipinu og var það þá með öllu tilheyrandi og í því ástandi sem það var eftir björgunina, metið af yfirmatsmönnum 27500

kr. virði. En með því að nokkrir dagar liðu svo að björgunarlaunin voru hvorki greidd né trygging sett fyrir greiðslu þeirra, var þess krafist af hálfu h/f Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise að löghald yrði lagt á skipið »Ásta« til tryggingar greiðslu björgunarlaunanna og fór sú löghaldsgerð fram í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu hinn 27. ágúst s. á. á Hjalteyri, þar sem skipið þá var. — Til staðfestingar löghaldsgerðinni og til innheimtu björgunarlaunanna höfðaði svo hlutfélagið mál þetta fyrir sjórétti Akureyrarkaupstaðar gegn skipstjóra A. Andersen sem eiganda og fyrir hönd váttryggjenda skipsins »Ásta«. Gerði umboðsmaður hlutafélagsins í fyrstu þá kröfu fyrir sjóréttinum, að löghaldsgerðin yrði staðfest og stefndi dæmdur til að greiða hin umsömdu björgunarlaun, $33\frac{1}{3}\%$ af matsverði skipsins, eins og það var metið af yfirmatsmönnum, eða kr. 9166,67 með 6% vöxtum frá 17. ágúst 1915 til borgunardagsins og málskostnað að skaðlausu að meðtöldum kostnaði við kyrsetningargerðina og matsgerðir þær, er fram höfðu farið, en síðar undir rekstri málsins krafðist stefnandi viðbótar við áðurgreind björgunarlaun 833 kr. 33 auru með 6% vöxtum frá 22. nóvember 1915, eða alls 10000 kr. björgunarlauna með vöxtum og málskostnaði. Stefndi krafðist þess hins vegar, að krafa stefnanda um $33\frac{1}{3}\%$ af matsverði hins bjargaða skips yrði færð niður um 10—15% og að hann yrði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. — Máli þessu lauk svo með dómi sjóréttarins uppkveðnum 21. júní f. á., að löghaldsgerðin var staðfest og stefndi, A. Andersen, sem eigandi og fyrir hönd váttryggjenda

skipsins dæmdur til að greiða Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise 7700 kr. með 6% vöxtum frá 17. ágúst 1915 til borgunardags og málskostnað að meðtöldum kostnaði við báðar matsgerðirnar og löghaldsgerðina með 300 kr., en að öðru leyti var stefndi sýknaður af kröfum sækjanda. — Dómi þessum hefir Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. nóv. f. á., og átti málið samkvæmt stefnunni að koma fyrir réttinn mánudaginn 14. jan. 1918, en með samkomulagi beggja málsaðila var málið tekið fyrir 11. júní þ. á. Fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi haldið fram öllum hinum sömu kröfum og fyrir undirrétti, þar á meðal að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 10000 kr. með 6% ársvöxtum af 9166 kr. 67 a. frá 17. ágúst 1915 og af 833 kr. 33 a. frá 22. nóv. s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu bæði fyrir sjódómi og yfirdómi.

Stefndi, Axel Andersen, hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 8. sept. þ. á., og krefst hann þess, að björgunarlaunin verði færð niður um 15% frá því, sem um var samið milli skipstjóranna á »Geir« og »Asta«, og að yfirmatið á skipinu verði ekki tekið til greina. Að öðru leyti krefst hann þess, að verða sýknaður af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Kröfu sína um, að fá 833 kr. 33 a. hærri björgunarlaun en ákveðið er í björgunarsamningnum, byggir áfrýjandi á því, að eftir að björgunin fór fram, hafi hinn rétti eigandi skipsins samþykkt að

greiða 10 þús. kr. í björgunarlaun. Þessu til stuðnings hefir áfrýjandi lagt fram í málinu símskeyti dags. 20. ágúst 1915 frá James Andersen nokkrum í Smögen, þar sem hann gengur inn á að greiða 10000 kr. fyrir björgun skipsins. En upphæð þessi var aldrei greidd, og stefndi hefir neitað því, sérstaklega fyrir hönd váttryggjenda skipsins, að nefndur James Andersen hafi verið bær um að semja um björgunarlaunin. Það sést nú ekki af skjölum málsins, að maður þessi sé eigandi eða váttryggjandi hins bjargaða skips, og verður því ekki gegn mótmælum stefnda álitid, að hann hafi getað gert bindandi samning í þessu efni. Það ber því að sýkna stefnda af þessum hluta af kröfu áfrýjanda.

Kemur þá til álita krafa áfrýjanda um björgunarlaun samkvæmt áðurnefndum björgunarsamningi. Heldur áfrýjandi því fram, að mótmæli stefnda gegn upphæð björgunarlaunanna geti ekki komið til álita með því að stefndi hafi ekki stefnt til ónýtingar eða breytingar á björgunarsamningnum innan þess tíma, er til er tekinn í sjólögnum, en það verður að fallast á það álit sjóréttarins, að rétturinn hafi samkvæmt 232. gr. siglingalaganna 30. nóv. 1914 haft heimild til í þessu máli að taka til álita kröfu stefnda um niðurfærslu á björgunarlaununum frá því, sem ákveðið er í björgunarsamningnum án gagnstefnu frá hans hendi, en að því athuguðu, að björgunin tókst vel og skipið eftir strandið gat haldið áfram síldveiðum, að skipið hafði strandað á hættulegum stað og hefði að líkindum farist, ef því hefði ekki fljótlega verið veitt hjálp, og að álita verður

vafasamt, að það hefði náðst út af öðrum skipum en þeim, sem sérstaklega eru útbúin til björgunar, verður ekki álitid, að hin umsömdu björgunarlaun, $33\frac{1}{3}\%$ af matsverði hins bjargaða skips, séu ósanngjörn, en verð skipsins ber að telja svo sem það er ákveðið af yfirmatsmönnum, 27500 kr. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 9166 kr. 67 aura með 6% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags. Svo ber stefnda að greiða áfrýjanda 300 kr. málskostnað fyrir undirrétti, eins og ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi. Eftir þessum úrslitum ber stefnda og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, skipstjóri Axel Andersen, fyrir hönd eigenda og váttryggjenda fiskigufuskipsins »Asta« frá Frederikshavn greiði áfrýjanda, hlutafélaginu Em. Z. Switzers Bjergnings-Entreprise í Kaupmannahöfn, 9166 kr. 67 aura með 6% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 380 kr., en sé að öðru leyti sýkn af klöfum áfrýjanda í máli þessu. Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.